

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Enska

Hlustun

- skilji aðalatriði í fréttatengdu sjónvarpsefni sem snertir áhugasvið hans
- geti fylgt nokkuð nákvæmum fyrirmælum og leiðbeiningum, t.d. leiðarlýsingum
- kunni að beita mismunandi aðferðum eftir eðli texta og tilgangi með hlustuninni, t.d. hlustað eftir smáatriðum eða hlustað eftir aðalatriðum
- geti fylgt atburðarás í sögu eða frásögn
- geti nýtt sér hlustunarefni til frekari vinnu, t.d. í ritun eða endursögn
- skilji fyrirhafnarlítið þegar talað er nokkuð skýrt um málefni sem hann þekkir

Lestur

- geti lesið og skilið fyrirhafnarlítið aðgengilegt fræðslu- og skemmtiefni sem tengist áhugasviði hans
- geti lesið einfaldaða texta sér til ánægju, t.d. smásögur og stuttar skáldsögur
- geti nýtt sér samhengi texta til að geta sér til um merkingu orða
- skilji einfaldar og skýrt orðaðar leiðbeiningar, t.d. leiðarvísi eða uppskrift
- geti leitað sér heimilda til að nýta í viðfangsefnum
- skilji megininntak í völdu fjölmiðlaefni sem tengist daglegu lífi, t.d. í dagblöðum

Ritun

- hafi náð nokkru valdi á uppröðun efnisgreina og geti beitt algengustu greinarmerkjum og tengiorðum
- geti virkjað ímyndunaraflíð og samið eigin texta, t.d. sögu eða ljóð
- kunni að nota orðabækur í tengslum við ritun
- geti tjáð sig um það sem hann hefur horft á, lesið eða heyrt um
- geti tjáð sig um það sem snertir hann persónulega, t.d. reynslu, tilfinningar og skoðanir

Talað mál - frásögn

- geti tjáð sig með réttum áherslum og hrynjandi á eðlilegu og skýru máli
- geti sagt frá eigin reynslu og því umhverfi sem hann þekkir
- geti sagt frá væntingum og fyrirætlunum
- geti gert grein fyrir því sem hann hefur lesið um, hlustað eða horft á og sett fram skoðun
- geti flutt undirbúna kynningu um kunnuglegt efni

Talað mál - samskipti

- geti notað ensku á lipran hátt í persónulegum samskiptum, m.a. tjáð skoðanir og tilfinningar og brugðist við samsvarandi viðbrögðum frá öðrum
- geti óundirbúið tekið þátt í samræðum um persónuleg og kunnugleg málefni
- kunni að nota kurteisisorð í daglegum samskiptum, t.d. þegar skoðanir eru skiptar
- geti bjargað sér við algengar aðstæður daglegs lífs, t.d. spurst fyrir, leitað sér aðstoðar
- geti notað málið á viðeigandi hátt við ýmsar algengar aðstæður, t.d. við að leysa mál og skipuleggja eða framkvæma eitthvað með öðrum